Samþykkt að byggja við Hæðargarð

LÓÐARAFMÖRKUM Hæðargarðs 29 og byggingar íbúða fyrir aldraða voru samþykktar á fundi borgarstjórnar í gær með 9 atkvæðum sjálfstæðismanna gegn 6 atkvæðum minnihlutaflokkanna, auk Katrínar Fjeldsted, eftir harðar deilur í nær fjórar klukkustundir.

Fulltrúar minnihlutaflokkanna og Katrín Fjeldsted töluðu um að með þessu væri verið að hunsa óskir íbúa í hverfinu, með því að þrengja að útivistar- og leiksvæði. Auk þess væri ljóst, að þegar væri allt of mikið framboð af byggingum fyrir aldraða. Þá höfðu fulltrúar minnihlutans orð á, að verið væri að hygla örfáum einstaklingum, sem þarna ættu hagsmuna að gæta.

Sjálfstæðismenn vísuðu því á bug sem órökstuddum fullyrðingum. Þeir sögðu að svæðið hefði alla tíð verið yfirráðasvæði knattspyrnufélagsins Víkings, sem hefði getað ráðið, hvernig það var nýtt. Miklu frekar yrði grundvöllur fyrir að græða svæðið upp eftir að Víkingur hefði flutt starfsemi sína. Þá væri það ekki rétt, að markaður fyrir íbúðir aldraðra væri mettaður, þvert á móti væru biðlistar eftir slíku hjá félagasamtökum.

Olía í jarðvegi bakgarðs við Laugaveg

OLÍA fannst í jarðvegi við húsið við Laugaveg 140 í gær. Ekki var vitað hvers vegna jarðvegurinn var svo olíusmitaður.

Húseigendur voru að vinna í bakgarði hússins, þegar þeir fundu olíusmit og fnyk úr jörðu. Lögreglan og slökkvilið komu á staðinn, en upptök mengunarinnar voru ókunn í gær.

Verðlaun fyrir myndband

Fjölmiðlabikar Ferðamálaráðs var afhentur í gær. Hann hlaut að þessu sinni fyrirtækið Skyggna/myndverk.

Fyrirtækið fær bikarinn fyrir myndbandið „Iceland Today" en tekið var með í reikninginn, að fyrirtækið hefur um árabil framleitt kynningarefni um Ísland.

Sjá nánar á B1.



Morgunblaðið/RAX

Gunnar B. Kvaran forstöðumaður Kjarvalsstaða ásamt Kristínu Guðnadóttur og Ásmundi Helgasyni starfsmönnum Kjarvalsstaða við nokkur verkanna eftir Joan Miró sem verða á sýningu sem verður opnuð 31. maí.

Kjarvalsstaðir:

Verk Miró metin á 1,8 milljarða

Á KJARVALSSTÖÐUM var í gær lokið við að taka upp úr kössum 50 höggmyndir úr bronsi og 20 málverk eftir Joan Miró, en sýning á verkunum verður opnuð 31. maí og er framlag Kjarvalsstaða til Listahátíðar í Reykjavík. Að sögn Gunnars B. Kvarans, forstöðumanns Kjarvalsstaða, er tryggingarverðmæti verkanna 1,8 milljarðar króna, og verður ströng öryggisgæsla viðhöfð á Kjarvalsstöðum á meðan sýningin stendur.

Joan Miró er einn þekktasti myndlistarmaður 20. aldarinnar, en list hans þykir djörf, hugmyndarík, leikandi létt og aðgengileg. Hann lést árið 1982 og eru verkin sem sýnd verða á Kjarvalsstöðum frá seinni árum hans, eða eftir 1960. Verkin eru fengin frá Listasafninu Maeght í Suður-Frakklandi, en að sögn Gunnars var valið úr nokkur hundruð verkum þar eftir Miró á sýninguna.

Klemmdist milli bíls og veggjar

STARFSMAÐUR á bílaverkstæði við Bíldshöfða slasaðist síðdegis í gær, þegar hann klemmdist á milli bíls og veggjar. Ekki var vitað hver meiðsli hans voru, en samkvæmt upplýsingum lögreglu var hann ekki alvarlega slasaður.

Slysið var tilkynnt til lögreglu kl. 16.32. Maðurinn var að bogra við vélarhlíf bíls, sem var uppi á lyftu. Hann bað ökumanninn að gangsetja bílinn, sem reyndist vera í gír. Bíllinn kastaðist áfram og maðurinn klemmdist á milli hans og veggjar. Hann var fluttur á slysadeild með sjúkrabíl, en ekki talinn alvarlega slasaður.

Bifreið valt í Óshlíðinni

BÍLL valt á veginum um Óshlíð kl. 19.30 í gærkvöldi. Kona sem ók bílnum slapp ómeidd, að sögn lögreglunnar á Ísafirði.

Bíllinn var á leiðinni frá Ísafirði til Bolungarvíkur þegar ökumaðurinn missti stjórn á honum í lausamöl á vegarkafla þar sem nýlega hafði verið gert við klæðningu.

Samþykkt stjórnar LÍN:

800 millj. kr. fjárlagaheimild nýtt í haust til að milda áhrif nýrra laga

Meirihluti stjórnar gerir tillögu um hertar kröfur um námsframvindu

MEIRIHLUTI stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna lagði fram tillögur að breyttum úthlutunarreglum á stjórnarfundi í gær og er þeim ætlað að draga úr fjárþörf sjóðsins um 500 milljónir kr. á næsta skólaári. Er þá miðað við að heildarfjárþörf sjóðsins verði óbreytt frá þessu ári eða um 3.400 millj. kr. Fela þær m.a. í sér að kröfur um námsframvindu eru hertar, sem á að leiða til 300 millj. kr. minni útgjalda, lán til bókakaupa eru lækkuð um helming eða um 100 millj., ferðalán eru tekin upp í stað ferðastyrkja, barnastuðlar lækkaðir um 25% eða um 100 millj. og dregið er úr áhrifum tekna námsmanna á upphæð námslána. Þá er gert ráð fyrir að allir námsmenn sem rétt eiga á láni fái sérstakt vaxtaálag á lán sín vegna skammtímalána í bönkum sem áætlað er að leiði til 50 millj. kr. hækkunar útlána. Þá var einnig samþykkt að nýta að einhverju leyti 800 millj. kr. heimild fjárlaga á þessu ári til að milda í haust áhrif nýrra reglna um eftirágreiðslur lána úr sjóðnum.

Á fréttamannafundi sem meirihluti sjóðsstjórnarinnar boðaði til í gær kom fram að stjórn Lánasjóðsins hefði samþykkt að setja á fót vinnunefnd til að hefja viðræður við banka og sparisjóði um þjónustu við námsmenn í kjölfar samþykktar nýrra laga um útborgun lána frá LÍN og kanna hvernig nýta megi heimildir á fjárlögum í ár til að auðvelda námsmönnum aðlögun að nýjum útborgunarreglum. Að sögn Gunnars I. Birgissonar, formanns stjórnar LÍN, er ófrágengið með hvaða hætti það verður gert. Verður nefndin skipuð einum fulltrúa frá samtökum námsmanna og einum fulltrúa úr hópi meirihluta stjórnarinnar.

Fulltrúar meirihluta stjórnar LÍN vildu ekki greina frá tillögunum í smáatriðum á fundinum en þær verða ræddar í stjórn sjóðsins á næstu dögum og þurfa að liggja fyrir frágengnar í næstu viku. Er með þeim ætlað að draga úr heildarfjárþörf sjóðsins án þess að grunnframfærsla verði skert ef um eðlilega námsframvindu er að ræða. Að sögn Gunnars var sá kostur valinn að grípa til betri nýtingar fjármagns, fyrst og fremst með kröfum um eðlilega námsframvindu og auka festu í framkvæmd lánveitinga og draga úr aukalánum í stað þess að skerða framfærslulán. Með tillögunum er krafist 100% námsframvindu til að veitt verði fullt námslán og skerðingarhlutfall vegna tekna sem námsmenn afla umfram svonefnt frítekjumark verður lækkað úr 50% í 40%. Þak er sett á veitingu almennra lána vegna skólagjalda erlendis. Þá verður námsmönnum gert kleift að flýta námslokum með rúmum heimildum til sumarlána, sem greiðist þegar niðurstöður lokaprófa liggja fyrir.

Þá er gerð tillaga um að ef námsmenn afla sér skammtímalána í bönkum gefi þeir fyrst upplýsingar um hvaða nám þeir stunda, hversu langt þeir eru komnir, hvenær þeir hyggist ljúka námi og hvaða tekjur þeir áætla sér á árinu. LÍN gerir síðan náms- og lánsfjáráætlun á grundvelli þessara upplýsinga sem námsmenn leggja fram í viðkomandi banka. Gert er ráð fyrir að bankarnir setji eigin reglur um ábyrgðir sem stjórnarmeirihlutinn telur að verði með líku sniði og gilt hefur að því er varðar nema á fyrsta námsári. Þegar námsmaður hefur sýnt fram á námsárangur og uppfyllt önnur skilyrði sjóðsins leggi LÍN andvirði lánsins inn á reikning námsmanns í þeim banka sem veitir námsmannafyrirgreiðsluna.

Aðalfundur Vinnuveitendasambands Íslands:

Magnús Gunnarsson er einn í kjöri til formanns

MAGNÚS Gunnarsson, formaður Samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi, verður formaður Vinnuveitendasambands Íslands samkvæmt tillögu uppstillingarnefndar. Aðrar tillögur bárust ekki áður en framboðsfrestur rann út í gær. Magnús tekur við formannsembættinu af Einari Oddi Kristjánssyni, sem hefur gegnt því síðustu þrjú ár og gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Aðalfundur VSÍ verður haldinn í dag, föstudag, og verður þar auk formanns kjörin 20 manna framkvæmdastjórn.

Fundurinn hefst með ræðu Einars Odds Kristjánssonar, fráfarandi formanns VSÍ, og síðan ávarpar Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, fundinn. Þá verða framsögur og umræður um þrjú efni. Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, flytur framsögu um lífeyriskerfi á vegamótum, 6 sjóðir eða 66. Sigfús Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsis hf., flytur erindi um hvað sparist við sameiningu sveitarfélaga og Gunnar Svavarsson, formaður Félags íslenskra iðnrekenda, flytur erindi sem nefnist Hagræðing í hagsmunagæslu? Að loknum erindunum eru fyrirspurnir og umræður. Fundinum lýkur með skýrslu framkvæmdastjóra fyrir liðið starfsár, öðrum aðalfundarstörfum og ályktun hans.

Gunnar Birgisson, varaformaður Vinnuveitendasambandsins, hafði lýst því yfir í fjölmiðlum að hann gæfi kost á sér í formannsembættið en framboð frá honum kom ekki fram áður en framboðsfrestur rann út í gær. Gunnar sagði í samtali við Morgunblaðið að þegar menn hefðu staðið frammi fyrir því að kjósa þyrfti á milli tveggja frambjóðenda í formannssætið, og búið hafi verið að leita sáttaleiða sem ekki gengu, þá hefði hann ákveðið að draga framboð sitt til baka og styðja Magnús í stað þess að fara út í kosningar, sem enginn hefði getað séð afleiðingarnar af fyrir. Aðspurður sagðist hann ekki gefa kost á sér í sæti varaformanns.

Stálu grófu myndbandi

ÞJÓFAR höfðu myndband á brott með sér úr myndbandaleigu í austurborginni á þriðjudagskvöld. Á myndbandinu var kvikmynd, sem að mestu fjallaði um kynlíf.

Starfsfólk myndbandaleigunnar tilkynnti um þjófnaðinn um kl. 23 á þriðjudagskvöld. Það taldi sig vita, hverjir hefðu tekið myndbandið grófa og gáfu lögreglu lýsingu á bifreið hinna meintu þjófa. Lögreglan leitaði bifreiðarinnar, en fann ekki og var helst álitið að þjófarnir hefðu verið snöggir heim að myndbandstækinu sínu.